

Nd. 105. Frumvarp til laga

um stofnun atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar við Háskóla Íslands.

Flm.: Thor Thors, Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal setja á stofn nýja deild, er nefnist atvinnudeild.

2. gr.

Í atvinnudeild skulu vera 1 prófessor í búnaðarvísindum, 1 prófessor í fiskifræði og 1 prófessor í efnafræði. Auk þess skulu vera í deildinni dócentar og aukakennarar, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, þó ekki fleiri en 6 samtals.

3. gr.

Um skipun kennara, skipulag deildarinnar og samband hennar við háskólann fer eftir háskólalögum. Um kennslu og próf skal ákveða í háskólareglugerð í samræmi við háskólalög, en þó má fresta að veita deildinni prófréttindi að einhverju leyti eða öllu. Laun kennara fara eftir launalögum, en þó ákveður ráðherra laun ankakennara.

4. gr.

Í sambandi við atvinnudeild skal starfrækja rannsóknar- og tilraunastofnun í þágu atvinnuveganna.

5. gr.

Rannsóknarstofnun þessi skal skiptast í þrjár deildir, og nefnast þær búnaðardeild, fiskideild og iðnaðardeild.

6. gr.

Búnaðardeildin skal hafa með höndum jarðvegsrannsóknir, með sérstakri hliðsjón af almennri jarðrækt, garðrækt, skógrækt og áburðarþörf jarðvegarins, jurtaramsóknir og jurtasjúkdómarannsóknir og rannsóknir á kynbótum búfjár.

7. gr.

Fiskideildin skal hafa með höndum rannsóknir á fiskigöngum, svif- og átu-rannsóknir og almennar haf- og vatnarannsóknir að því leyti, sem þær teljast við koma fiskiveiðum landsmanna, og aðrar fiskirannsóknir, sem þörf verður talin á.

8. gr.

Iðnaðardeildin skal hafa með höndum efnagreiningar fyrir allar deildir rannsóknarstofnunarinnar, rannsóknir á matvælum og öðrum vörum, sem seldar eru á innlendum markaði, og á vörum, sem sendar eru úr landi, fyrir og í samvinnu við allar deildir stofnunarinnar, náma- og jarðfræðirannsóknir og fiskiðnaðarrannsóknir.

9. gr.

Rannsóknarstofnuninni er skylt að framkvæma rannsóknir fyrir atvinnurekstur landsmanna, eftir því sem hún fær því við komið, gegn þóknun samkv. gjaldskrá, er ráðherra setur. Þó getur ráðherra ákveðið, að stofnunin skuli framkvæma rannsóknir endurgjaldslaust fyrir ríkið eða stofnanir, sem starfa í nánu sambandi við það.

10. gr.

Rannsóknarstofa háskólans annast rannsóknir á búfjársjúkdómum, svo og gerla- og fjörvirannsóknir fyrir rannsóknarstofnun atvinnudeildar.

Dýralæknum, sem eru í þjónustu ríkisins, starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands, skólastjórum og kennurum búnaðarskólanna og öðrum starfsmönnum stofnana ríkisins eða þeirra, er styrks njóta frá ríkinu, skal skylt að láta stofnuninni aðstoð sína í té, hverjum á sínu sviði, eftir því sem ráðherra, að fengnum tillögum rannsóknarstofnunarinnar, telur nauðsynlegt. Heimilt er að greiða þóknun fyrir slíka aðstoð eftir ákvörðun ráðherra.

11. gr.

Ráðherra getur, í samráði við rannsóknarstofnunina, falið dýralæknum og skólastjórum búnaðarskólanna að gera tilraunir á búfé til aðstoðar þeim rannsóknnum, sem stofnunin hefir með höndum. Ennfremur getur ráðherra látið fram fara tilraunir á peningi bóva, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs.

12. gr.

Kennarar atvinnudeildar Háskóla Íslands eru samkv. stöðu sinni jafnframt starfsmenn rannsóknarstofnunarinnar, hver á sínu sviði. Skulu í reglugerð sett nánari ákvæði um störf þeirra í þágu rannsóknarstofnunarinnar, enda skulu prófessorar atvinnudeildar veita forstöðu hver sinni deild stofnunarinnar. Ef fleiri en einn prófessor eru í sömu deild rannsóknarstofnunarinnar, hefir sá þeirra forstöðu, er ráðherra tilnefnið til 3 ára í senn, að fengnum tillögum hlut- aðeigandi deildar.

13. gr.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum rannsóknarstofnunarinnar, hvaða starfsfólk skuli vera auk kennara atvinnudeildar, og ákveður því laun.

14. gr.

Háskólinn kemur upp húsi yfir atvinnudeild og rannsóknarstofnun fyrir allt að 200 þús. kr., enda leysist þá háskólinn undan að greiða það fé, sem honum ber að greiða til ríkissjóðs sem einkaleyfisgjald fyrir happdrætti Háskóla Íslands samkv. e-lið 1. gr. l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, þar til hann hefir af því fé fengið endurgreiddan útlagðan kostnað við húsbygginguna.

15. gr.

Atvinnudeild Háskóla Íslands og rannsóknarstofnun sú, er um getur í lögum þessum, taka til starfa þegar komið hefir verið upp húsi því, er um getur í 14. gr.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin l. nr. 17 14. júní 1929, um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Óvæfengt er, að ýmiskonar þekkingarskortur hái mjög aðalatvinnuvegum landsmanna, og þótt vitanlegt sé, að vér Íslendingar höfum mikið gagn af erlendum vísindarannsóknum að þessu leyti, þá er viðurkennt, að úr þessum þekkingarskortri verði ekki bætt svo viðunandi sé, nema með innlendri vísindastarfsemi. Það mun því samhuga álit, að nauðsyn sé á, að upp verði komið rannsóknar- og tilraunastofnun í þágu atvinnuveganna.

Slik stofnun hlýtur að visu óhjákvæmilega að hafa veruleg útgjöld í för með sér fyrir ríkið. En bæði er þess að gæta, að ríkið hefir nú þegar ýms útgjöld í þessu skyni, sem spara má þegar slik stofnun er komin upp, og þó öllu frekar hins, að óbeinn hagur þjóðarinnar hlýtur, einkum er frá líður, að verða margfaldur miðað við útgjöld. Þrátt fyrir þetta tjáir þó eigi að ætla sér að koma slíkri stofnun upp kostnaðarlaust, og er þá allt undir því komið að hagnýta sem bezt starf þeirra, er við stofnunina verða tengdir.

Samkomulag mun vera um, að starf slíkrar stofnunar muni ekki verða að verulegu gagni, nema við hana séu skipaðir allt að 9 vísindalega menntaðir menn. Svo mun og að mestu samkomulag um það, að hverskonar rannsókn- um þessir menn skuli vinna.

Hinsvegar er mikill ágreiningur um, hvernig fyrirkomulag slíkrar stofnunar eigi að vera. Upphafsmenn þessa máls, kennarar háskólans, hafa til þessa haldið því fram, að slíkri starfsemi yrði bezt komið fyrir í nánu sambandi við aðra vísindastarfsemi í landinu, þ. e. að þessi stofnun yrði tengd Háskóla Íslands.

Í samræmi við þessa hugsun var frv. um stofnun atvinnudeildar við Háskóla Íslands, sem fram var borið á þinginu í haust, að tilhlutan háskólakennara. Að því frv. var það fundið, að í það vantaði nánari ákvæði um rannsóknarstörf þessara manna, og mun þessi ástæða einkum hafa verið borin fyrir því, að frv. var þá látið daga uppi.

Það frv., er hér liggur fyrir, byggir á þeirri sömu meginhugsun, sem frv. í haust hvíldi á, en við er bætt þeim ákvæðum, sem þá þótti helzt á skorta.

Bersýnilegt er, að það er mjög mikilsvert atriði, að stofnuninni verði þegar komið í sem nánast samband við háskólann. Við háskólann vantar enn að mestu kennslu í þeim greinum, er hér um ræðir. Að visu má e. t. v. við því búast, að nokkur bið verði á, að fært þyki að koma hér á embættisprófi í þessum efnum, en þar fyrir er sjálfsagt að tengja þessa vísindamenn háskólanum þegar í stað og skylda þá til fyrirlestrahalds við hann. Slikir fyrirlestrar geta vitanlega komið að margvislegu gagni, þótt embættispróf sé þeim eigi samfara, enda var kennslu í norrænum fræðum einmitt hagað svo í háskólanum fyrstu árin. Þeir, sem eru því andvígir að tengja rannsóknarstofnunina að öðru en nafninu við háskólann, játa og, að síðar geti að því rekið, að rétt sé að nota þessa krafta til kennslu við háskólann. Flytjendur þessa frv. telja þar á móti sjálfsagt að nota nú þegar til hins ýtrasta starfsafl þeirra, sem við rannsóknarstofnunina vinna, enda annað óverjandi, þegar litið er til þess kostnaðar, sem henni verður samfara. En þess ber að gæta, að ef síðar á að leggja kennsluskylda á þessa menn, verður það ætíð nokkrum vandkvæðum bundið, og þá vantar ákvæði um samband þeirra við háskólann, sem sjálfsagt er að gera sér grein fyrir nú þegar, hvernig eigi að verða, og er þá komið að atriði, sem miklu máli skiptir. Það er viðurkennt í öllum lýðfrjálsum löndum og raunar víðar, að vísindaleg starfsemi þroskist þá best, er hún nýtur frelsis og sé látin ihlntunarlaus af pólitískum valdhöfum, enda sén þeir, er að henni starfa, ekki valdir eftir pólitískum skoðunum, heldur hæfileikum til vísindalegra starfa. Á þessum sannindum hvíla háskólalögin og þess vegna er háskólanum með þeim fengið mikið sjálfsforræði um starfsemi og starfsmannaval. Þegar upp er komið jafnþýðingarmikilli vísindastofnun og nú er ætlunin að koma upp, er sjálfsagt að búa þegar frá upphafi svo um, að hún fái, að þessu leyti, notið þeirra réttinda, sem háskólinn nýtur. Þó kemur það auðvitað hér til greina, að samkv. hlutarins eðli hlýtur stjórnin að vera óbundin um val hinna fyrstu vísindamanna, sem við stofnunina eru skipaðir.

Að þessu athuguðu hefir verið talið sjálfsagt að leggja til í því frv., sem hér liggur fyrir, að stofna atvinnudeild við Háskóla Íslands og tengja síðan rannsóknarstarfið við þá deild.

Um einstakar greinar skal þessa getið:

1. gr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. gr. er ákveðið, að í atvinnudeild skuli a. m. k. vera 3 prófessorar, þ. e. einn í hverri af þeim höfuðgreinum, sem ætlazt er til, að þessir vísindamenn rannsaki. Það er látið opið til nánari ákvörðunar í háskólareglugerð, hversu margir aðrir vísindamenn starfi að staðaldri við deildina, en tala þeirra er þó bundin svo, að hún má eigi fara fram úr sex, enda mun samkomnlag um, að ekki sé fært að taka fleiri menn til þessara starfa nú um sinn. Hinsvegar getur verið, að ekki þyki fært að stofna allar stöðurnar þegar í stað. Í greininni er byggt á því, að kennsluskylda hvíli á öllum þeim vísindamönnum, sem hér um ræðir, og gert ráð fyrir því, að þeir, sem jafnhliða gegni öðrum störfum auk rannsóknarstarfsins, verði aukakennarar. Rétt er að benda á, að þótt hér sé gert ráð fyrir, að kennsluskylda hvíli á öllum þessum vísindamönnum, þá getur

það mæta vel samrímazt því fyrirkomulagi, sem frv. ákveður, að sumir þeirra yrðu a. m. k. fyrst um sinn leystir undan því líkri skyldu, og væri hægt að ákveða nánar um það við meðferð málsins, ef svo ólíklega færi, að það þætti hentara. Loks er á það að minna, að samkv. l. nr. 24 1930, um háskólakennara, verða dócentar eftir 6 ára embættisstörf prófessorar, og gildir það ákvæði vitanlega einnig um dócenta atvinnudeildar.

Um 3. gr. nægir að vísa til hinna almennu athugasemda hér að framan.

Í 4.—13. gr. eru ákvæði um rannsóknar- og tilraunastofnun þá, sem ætlazt er til, að í sambandi við atvinnudeild verði starfrækt í þágu atvinnuveganna. Samkomulag mun vera um, að heppilegt sé, að rannsóknarstofnunin skiptist í þær þrjár deildir, sem upp eru taldar í 5. gr. Þá mun og samkomulag um, að hver þessara þriggja deilda starfi að þeim rannsóknum, sem taldar eru í 6.—8. gr. Rétt er að taka það fram, að ekki er ætlazt til, að þessi stofnun starfi að búfjársjúkdómarrannsóknum, gerlarannsóknum né fjörvirannsóknum, því að þessar rannsóknir eru nú í höndum Rannsóknarstofu Háskóians, sem ætlazt er til, að starfi áfram sem sjálfstæð stofnun, og eru þessar rannsóknir vitanlega hvergi betur komnar en þar. Enda fara t. d. rannsóknir á búfjársjúkdómum algerlega saman við rannsóknir á mannasjúkdómum, og þarf við hvorttveggja sömu áhöld og tækni. 9. gr. þarfnast ekki skýringa. 10. gr. þarfnast ekki skýringa, að öðru leyti en því, að þar er beinlínis tekið fram, að Rannsóknarstofa Háskólans starfi að framangreindum rannsóknum og eigi að því leyti að aðstoða rannsóknarstofnun atvinnudeildar. Samkomulag mun um að leggja öðrum þeim, sem í gr. eru taldir, þær skyldur á herðar, er í gr. segir, svo og um fyrirmæli 11. gr.

Í 12. gr. er kennurum atvinnudeildar lögð sú skylda á herðar að annast stöðu sinni samkvæmt rannsóknir þær, er hér um ræðir, og er þannig fengið eðlilegt samband milli atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar. Með því að hver deild rannsóknarstofnunarinnar hlýtur að verða smá sérheild, er nauðsynlegt að kveða á um forstöðu hvern um sig, og þá eðlilegast að fela hana þeim prófessor, er þar starfar, en þó þarf að gera ráð fyrir því, samkv. aths. við 2. gr., að prófessorar í hverri deild um sig verði fleiri en einn, og er þá eðlilegast, að ráðherra tilnefni forstöðumann samkv. till. hlutaðeigandi deildar rannsóknarstofnunarinnar. Ekki þykir þörf á því að setja sameiginlegan framkvæmdastjóra allra deilda rannsóknarstofnunarinnar. Að svo miklu leyti, sem þær þurfa á slíkum sameiginlegum fulltrúa að halda, hlýtur það starf, vegna sambandsins við atvinnudeild, að lenda á þeim prófessorum, sem hverju sinni er forseti atvinnudeildar. Á hinn bóginn hljóta fjárhagsleg framkvæmdarstjórn stofnunarinnar og önnur slík störf að verða falin skrifstofu háskólans, eða annari því líkri skrifstofu, því að mjög óheppilegt er að fela þau kennurum atvinnudeildar eða visindalegum starfsmönnum stofnunarinnar, sem ætlazt er til, að hafi meira en nóg að gera við sin visindastörf. Samkv. eðli málsins hlýtnr atvinnudeild og þar með rannsóknarstofnunin að lúta yfirstjórn háskólaráðs og kennslumálaráðherra. Að visu væri hugsanlegt, að fulltrúar þeirra atvinnuvega, sem hér eiga hlut að máli, fengju nokkurn íhlutunarrétt um rannsóknir stofnunarinnar. En slík afskipti lítt kunnugra manna mundu sjaldan verða annað en nafnið tómt.

og stundum beinlinis geta orðið til truflunar, enda engin hætt á, að til skynsamlegra bendinga þeirra verði ekki tekið tillit, þótt þeim sé ekki hróflað upp í einhverja málamyndanefnd í þessu skyni.

13. gr. þarfnast ekki skýringa.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu, að kostnaður við stofnunina verði borinn af ríkinu að svo miklu leyti, sem hún aflar ekki eigin tekna. Svo sem fyrr er um getið, er óhjákvæmilegt, að kostnaðurinn verði verulegur, en þar sem samkomulag mun um starfsmannafjölda og aðra kostnaðarliði, þarf ekki að rekja þá hér. Um tekjur stofnunarinnar skal einungis á það bent, að nokkrar tekjur mun hún geta haft af lyfjagerð, en til slíkrar starfsemi hefir hún heimild í l. nr. 37 1935, og þarf því ekki að taka þá heimild upp í þessi lög. Um byggingarkostnaðinn eru loks ákvæði í 14. gr. Er þar gert ráð fyrir, að háskólinn komi byggingunni upp, en fái kostnaðinn síðan endurgreiddan með þeim hætti, er þar segir. Með þessu móti eru ríkinu spöruð bein útgjöld nú þegar í þessu skyni, og því mikið hagræði fyrir það. En frá háskólans sjónarmiði hlýtur það að vera vel tilvinnandi að leggja þetta fé út í bili, gegn því að fá slíka eflingu sem hér um ræðir. Á hinn bóginn þykir ekki fært að leggja á háskólann þyngri kvaðir en hér er gert, þar sem slíkt hlýti að tefja fyrir, að bætt yrði úr þeirri brýnu húsnæðisþörf, sem hann nú er í.

15.—17. gr. þarfnast ekki skýringa.